

MÁL: 2011110176		
LYKILL:	MÓTT:	ABM.
8.0	25/5	IJA



Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins
Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sólvhólsgrótu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

ABM.	MÓTT:	LYKILL:
MÁL:		

Reykjavík 10. maí 2012
Tilv.: IRR12030221/16.2

Efni: Gildistaka öryggisstaðalsins ÍST EN 16156:2010 - Vindlingar - Mat á kvikunareiginleikum. Krafa um efnislega afstöðu ráðuneytisins.

Innanríkisráðuneytið vísar til erindis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (hér eftir ÁTVR), dags. 9. mars 2012. Í því fer ÁTVR fram á að ráðuneytið komi með efnislega niðurstöðu um hvort staðallinn ÍST EN 16156:2010 – Vindlingar – Mat á kvikunareiginleikum – Öryggiskrafa sé skyldubundinn eða ekki.

Þann 28. október 2011 sendi Neytendastofa bréf til nánar tiltekinna innflutningsaðila á tóbaki. Í bréfinu kom fram að þann 17. nóvember 2010 hafi Staðlaráð Evrópu birt staðallinn EN 16156:2010 - Cigarettes - Assessment of the ignition propensity - Safety requirements. Í staðlinum sé gerð krafa um að vindlingar skuli slokkna sjálfir hafi reykingum á þeim verið hætt. Þann 25. mars 2011 hafi Staðlaráð Íslands staðfest staðallinn og hafi hann því tekið gildi sem íslenskur staðall. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stefni á að birta tilvísun til ofangreinds staðals í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins þann 17. nóvember 2011, sem leiði til þess að staðallinn verði samræmdur. Neytendastofa birti samtímis tilvísun til staðalsins á grundvelli laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, sem leiði til banns við vindlingum sem ekki séu sjálfslökkvandi.

ÁTVR gerði athugasemdir við framkvæmd stofnunarinnar á innleiðingu banns við sölu vindlinga sem ekki eru sjálfslökkvandi og fór fram á sanngjarnan aðlögunartíma. Neytendastofa svaraði athugasemdum ÁTVR með bréfi, dags. 16. nóvember 2011, sem bar yfirskriftina „Ákvörðun Neytendastofu um kröfur ÁTVR fyrir aðlögunarfrest til markaðssetningar á afmörkuðu magni vindlinga sem ekki uppfylla kröfur varðandi kvikunareiginleika“. Í bréfinu upplýsti Neytendastofa að samkvæmt venjubundinni framkvæmd birti stofnunin tilvísanir til Evrópustaðla á heimasíðu sinni en nægjanlegt sé fyrir innlenda aðila að tilvísanir til staðlanna séu aðeins birtar í Stjórnartíðindum ESB, samkvæmt skýru ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa hafi þó til þæginda fyrir innlenda aðila birt skrá yfir slíka staðla á heimasíðu sinni.

Í niðurlagi bréfsins kemur fram að Neytendastofa taki eftirfarandi ákvörðun í málinu:

Neytendastofa er ekki valdbær til að veita sanngjarnan aðlögunarfrest vegna ákvörðunar

framkvæmdastjórnar ESB um að birta 17. nóvember 2011, tilvísun til staðalsins EN 16156:2010 sem birtur var af Staðlaráði Íslands 25. mars 2011. Neytendastofa hefur ekki heimild til að gefa fyrirfram fyrirheit um að hún muni ekki framfylgja ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu eins og krafist er af hálfu ÁTVR.

ÁTVR kærði þessa ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála með kærðu, dags. 14. desember 2011, og krafðist þess að henni yrði hrundið. Áfrýjunarnefndin vísaði málinu frá þar sem ágreiningur aðila snéri að því hvort staðall hafi verið birtur með bindandi hætti hér á landi. Því væri ekki um stjórnvaldsákvörðun að ræða sem borin yrði undir nefndina. ÁTVR bar í kjölfarið málið undir innanríkisráðuneytið og fór fram á efnislega niðurstöðu um það hvort staðallinn ÍST EN 16156:2010 sé skyldubindandi hér á landi eða ekki.

Um staðla og Staðlaráð Íslands gilda lög nr. 36/2003. Í 1. mgr. 2. gr. laganna segir að íslenskur staðall sé staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands. Þann 25. mars 2011 var staðallinn EN 16156:2010 staðfestur af Staðlaráði Íslands og tók hann því gildi sem íslenskur staðall ÍST EN 16156:2010.

Í 3. gr. laga nr. 36/2003 kemur fram sú meginregla að staðlar eru til frjálsra afnota. Hægt er að gera notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 5. gr. laga nr. 134/1995, er lögfest önnur undantekning frá meginreglunni um frjálst afnot staðla, en með þessari lagagrein hafi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru verið innleidd, sem aðildarríkjum EES-svæðisins hafi borið að leiða í landsrétt. Segir ákvæðið:

2. mgr. 9. gr. Vara telst örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Ekki kemur fram með skýrum hætti hvernig birta skuli tilvísun til staðals svo hann verði skyldubundinn hér á landi í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Samkvæmt venjubundinni framkvæmd hefur Neytendastofa birt slíkar tilvísanir á heimasíðu sinni og hefur það fyrirkomulag gefist vel hingað til. Í ljósi ákvæða 3. gr. laga nr. 68/2004 er fyrir hendi vafi hvort slík birting sé nægileg svo ÍST EN 16156:2010 teljist bindandi hér á landi eða ekki. Til þess að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir um gildistöku staðalsins stefnir innanríkisráðuneytið á að birta reglugerð með tilvísun til staðalsins ÍST EN 16156:2010 von bráðar og mun hún koma til framkvæmda 1. júlí 2012.

Þó svo að vafi leiki á að öryggisstaðallinn ÍST EN 16156:2010 hafi ekki tekið gildi sem skyldubindandi staðall hér á landi þá segir í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995:

3. mgr. 9. gr. Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum.

2....

Eins og fyrr segir þá tók ÍST EN 16156:2010 gildi sem íslenskur staðall þann 25. mars 2011 og vindlingar sem slökkva ekki sjálfir á sér uppfylla ekki staðalinn. Í ljósi þeirrar ströngu ábyrgðar sem gerð er til framleiðanda og dreifingaraðila í lögum nr. 134/1995 og lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð og þess að flest öll fyrirtæki draga óöruggar vörur tilbaka af markaði, telur innanríkisráðuneytið það farsælast að ÁTVR hætti dreifingu og sölu á sígarettum sem ekki uppfylla staðalinn ÍST EN 16156:2010.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörgur Björnsson


Björn Freyr Björnsson